

Nd.

218. Nefndarálit

[6. mál]

um frv. til laga um lífeyrissjóð bænda.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frv. þetta er komið frá háttvirtri Ed. Landbúnaðarnefnd Nd. hefur fjallað um frv. á tveimur fundum og fengið til viðræðu Guðjón Hansen tryggingafræðing. Hún hefur einnig fengið til yfirlits frá landbúnaðarnefnd Ed. umsagnir Stéttar-sambands bænda og stjórnar Búnaðarfélags Íslands. Frv. er undirbúið í samráði við bændasamtökin, og er það í öllum meginatriðum í samræmi við þeirra tillögur. Málið er yfirgripsmikið og flókið, en nauðsynjamál og því mikilsvert, að það fái sem fyrst lögfestingu. Nefndin mælir með samþykkt frv. óbreytts, eins og það kom frá Ed.

Alþingi, 7. des. 1970.

Jónas Pétursson,
form., frsm.

Stefán Valgeirsson,
með fyrirvara.

Pálmi Jónsson,
fundaskr.

Eyjólfur Konr. Jónsson. Benedikt Gröndal.

Eðvarð Sigurðsson.